

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga



sik.is

Útsynningur

Ég man þegar ég áttaði mig á merkingu orðsins útsynningur. Það var í tengslum við hin frægu orð Snorra Sturlusonar „út vil ek“. Snorri var staddur í Noregi og hugur hans stefndi heim til Íslands. Út merkir því í vestur, útsynningur er hin algenga suðvestanátt sem við Reykvíkingar þekkjum svo vel og útnorður væri hægt að nota um eyjarnar í norðvestri, þ.e. Ísland, Færeyjar og Grænland. Á þessum eyjum ríkir myrkur stóran hluta vetrar þótt sólin gleðji okkur á björtum sumarnóttum og gefi yl í kropp. Það er þó hið sanna ljós sem hefur gefið íbúum þessara þjóða von og líf. Ljósíð sem kom í heiminn í líkama lítis

barns og birti okkur Guð á jörðu.

Eins og við þekkjum svo vel hér í útnorðri er myrkur skortur á ljósi. Þegar ljósið kemur hörfar myrkrið. Jesús sjálfur er ljós og í honum er ekkert myrkur, hvorki sorg, sársauki, ótti, neyð né dauði. Hann kemur með líf. En ljósið afhjúpar ringulreið. Ef maður lýsir inn í skúmaskot er líklegt að maður sjái þar ryk og annað rusl sem hefur safnast þar fyrir. Ljós getur verið ógn. Jesús er ljós heimsins sem afhjúpar syndir okkar. Ekki til að refsa okkur heldur til þess að við getum iðrast, tekið við fyrirgefningu og öðlast frelsi.

Við sem höfum tekið við honum erum einnig kölluð til að vera ljós. Jesús segir meira að segja að við séum ljós heimsins. Hann sjálfur sem kom til að upplýsa hvern mann vill búa í hjörtum okkar. Þannig er ljós hans í okkur. Því getur þú verið hugrakkur og upplitsdjarfur ef ljós Guðs er innra með þér. Í þessu ljósi erum við kölluð til þess að vera vitnisburður um Guð, bæði heima og heiman, hér í útnorðri og héðan. Guð gefi þér gleðileg jól og fullvissu um að þú sért hans barn og djörfung til að bera honum vitni.

Sigríður Schram



Kristniboðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniboðsfréttir segir frá kristniboðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniboð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Hægt er að skrá áskrift með því að hafa samband við skrifstofu SÍK í síma 533 4900 eða með rafpósti til sik@sik.is – annaðhvort prentaða útgáfu í almennum pósti eða með rafrænum hætti á rafpóstfang viðtakanda. Áskrift er ókeypis!

Ritstjóri: Sigríður Schram.

Útlit og uppsetning: Hugrún Lena Hansdóttir.

Prentun: Prentun - Leturprent.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), oft nefnt Kristniboðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: www.sik.is

Framkvæmdastjóri er Sigríður Schram.

Forsíðumynd: Nicholas Joransen.

Hvað er kristniboð?

Kristniboð snýst um að gera Jesú Krist þekktan meðal þjóðanna með því að boða fagnaðarindið um hann og sýna fólki kærleika Guðs í verki með kærleiksþjónustu sem veitt er án nokkurra skilyrða og nokkurra þvingana. Þannig hefur fólki verið hjálpað með ýmsum hætti á sviði heilsuverndar og heilsugæslu, menntunar og skóla-starfs, fræðslu um umhverfismál, trjárækt og sjálfbærni, með valdeflingu kvenna o.fl. SÍK tekur þátt í ýmsum verkefnum í Eþíópíu og Keníu með fjárframlögum og ráðgjöf og er með kristniboða í Japan. Með þátttöku í öflugum fjölmiðlastarfi fær fjöldi fólks tækifæri til að kynna Jesú Kristi í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, Pakistan og Kína. Hagnýt ráð og hjálp veitir von og styrk. Á Íslandi er boðunar- og fræðslustarf á samkomum og fundum, með útgáfu lesefnis og birtingu á netinu. SÍK býður útlendingum ókeypis íslenskukennslu.

Fjármál

Starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks, fjáröflun og sölu á nytjamarkaði Basarsins. Þjóðkirjkan styður starfið með árlegu framlagi, utanríkisráðuneytið styrkir afmörkuð verkefni eftir umsókn og Rannís íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2800 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er um 130 milljónir á þessu ári. Nú eru gjafir að upphæð 10.000 til 350.000 á ári frádráttarbærar til skatts.

Fréttir frá Janet og Mehran í Bretlandi



Síðustu mánuðir hafa verið annasamir hjá okkur, fullir af ferðalögum, ræðuhöldum og kirkjustarfi.

Lausanne-hreyfingin

Á þessu ári hef ég, Janet, tekið að mér nýtt hlutverk innan Lausanne-hreyfingarinnar. Í fyrra bað ég Drottin að gefa mér þjónustu þar sem ég gæti ferðast á milli staða – og hann svaraði! Hann gaf mér hlutverk sem hentar mér fullkomlega. Ég er nú yfirmaður stuðnings við samkomur (Director of Gathering Support). Það felur í sér að skipuleggja fjölda viðburða víðs vegar um heiminn og, þegar þörf er á, að ferðast á staðinn til að styðja við framkvæmdina.

Þetta hefur verið ótrúlega gefandi og skemmtilegt, sérstaklega þar sem ég hef gaman af að skipuleggja viðburði. Í ár höfum við í teyminu skipulagt og tekið þátt í samkomum í Panama, Los Angeles, Malasíu, á Spáni og í Albaníu. Ég fór einnig til Brasilíu á undirbúningsfund vegna alþjóðlegrar samkomu ungra leiðtoga, sem haldin verður þar árið 2027. Sú samkoma mun leiða saman um 1.200 unga leiðtoga alls staðar að úr heiminum, ásamt leiðbeinendum sem munu fylgja þeim næstu tíu árin. Það er ótrúlega spennandi að fá að vera hluti af þessu verki.

Fyrirlestur á stafrænum degi Christian Vision

Auk þessa fékk ég þann heiður að halda stutt erindi á „stafrænum degi“ Christian Vision í London. Mér var boðið að tala um ofsóttu kirkjuna og hvernig kristnir í þeim löndum sem búa við takmarkað trúfrelsi

nota tækni til að dreifa fagnaðarerindinu. Með 400 manns í salnum og 3.000 áhorfendum á netinu var þetta stærsti hópur sem ég hef nokkurn tímann rætt við – og ég var mjög stressuð! En það var mikill heiður að fá að segja frá þeim ógnum sem bræður okkar og systur í ofsóttu kirkjunni búa við og hvernig þau halda áfram ótraud í köllun sinni að bera út fagnaðarerindið.

Fréttir af söfnuðinum

Við gleðjumst yfir öllu því góða sem Guð er að gera í lífi fólks í kirkjunni okkar.

Bænasvar fyrir Sajad og Atefeh

Við erum innilega þakklát að tilkynna að Sajad og Atefeh hafa fengið stöðu flóttamanna hér í Bretlandi. Þau mega nú búa hér löglega – stórkostlegt bænasvar! Þau eru Drottin þakklát og finna loks fyrir öryggi og frelsi til að koma sér fyrir í London og í kirkjunni.

Barnastarf

Börnin okkar hafa notið frábærra samverustunda, meðal annars bíóferðar nýlega. Slíkar stundir hjálpa þeim að byggja upp vináttu, styrkjast í trúnni og tengjast kirkjusamfélaginu. Vinsamlegast hafði þau fram í bænnum ykkar og biðjið um andlegan vöxt og góða einingu.

Þróun hirðisþjónustunnar

Leiðtogar kirkjunnar hafa unnið þétt saman að því að efla hirðisþjónustuna. Við höfum nú markvissara kerfi þar sem hver safnaðarmeðlimur fær sinn leiðbeinanda sem styður hann í bæn, samtölum og með

persónulegri eftirfylgd. Þetta hefur hjálpað mörgum að finna að þeir séu séðir, elskaðir og studdir í trúargöngu sinni. Við biðjum um áframhaldandi einingu og ávöxt í þessu starfi.

Starf Alans og Libby

Alan og Libby Collier eru okkur mikil blessun. Alan, með lögfræðipækkingu sinni, hefur unnið ótullga að því að skrá Home Church (kirkjuna okkar) sem góðgerðarfélag – skjölin hafa verið send inn og við biðum staðfestingar. Hann er einnig stuðningur við nokkra af hælsleitendum. Libby hefur gengið til liðs við okkur og hjálpar við að skipuleggja og leiða barnastarfið.

Bænarefni

Hirðisþjónustan

Biðjið um visku, náð og sterk bönd milli leiðbeinenda og þeirra sem þeir styðja.

Næsta skírnarguðsþjónusta

Biðjið fyrir þeim sem undirbúa sig fyrir skírn – að þau skilji fagnaðarerindið til fulls og fylgi Kristi af einlægni.

Nýtt biblíunámskeið

Biðjið um leiðsögn Guðs við skipulagninguna og um hungur eftir orði hans meðal allra sem sækja námskeiðið.

Samfélag í kirkjunni

Biðjið um einingu, vináttu og gott, lifandi samfélag.

Lagaleg málefni

Biðjið fyrir Alan og öllu ferlinu við að verða skráð góðgerðarfélag – um visku, velvilja og góða framvindu.

Stuðningur við Yefry, aðstoðarkonu Mehrans

Við höfum lengi beðið um að einhver gæti stutt Mehran í hagnýtum verkefnum og skipulagi. Nú hefur Yefry, af góðvild, boðist til að hjálpa. Þetta er sannarlega bænheyrsla. Nú þurfum við að safna fjármagni til að standa straum af launum hennar. Vinsamlegast biðjið um forsjón Guðs, leiðsögn og visku í þessu ferli.

Þakka ykkur innilega fyrir bænir ykkar, hvatningu og samstarf.

Við gætum ekki unnið þetta starf án ykkar og við erum innilega þakklát!

Janet og Mehran

Þróunarverkefni í Pókot, Keníu



Menntun til framtíðar

Lengi hefur það fylgt kristnu fólki að vilja bæta umhverfi sitt og sinna kærleikspjónustu. ELCK kirkjan í Pókot finnur til ábyrgðar og köllunar í þessum efnum. Hún hefur komið að stofnun og rekstri fjölda skóla á grunn- og framhaldsskólastigi og hefur leitað eftir stuðningi Kristniðóssambandsins til þess að bæta aðstæður til menntunar.

Kristniðóssambandið hefur nýlega hlotið styrk frá utanríkisráðuneytinu til þróunarverkefna til menntamála og vatnsverkefna í Pókot í samstarfi við ELCK, með þau markmið að:

- Stuðla að áframhaldandi uppbyggingu skóla og bættri aðstöðu til náms, sérstaklega fyrir stúlkur.
- Tryggja aðgang að hreinu vatni og viðunandi hreinlætisaðstöðu fyrir skóla og nærsamfélag.
- Vinna að trjárækt sem lið í sjálfbærni, fæðuöryggi og umhverfisvernd.

Styrkur ráðuneytisins nemur 80% af heildarkostnaði verkefnisins, en SÍK og

heimamenn leggja fram 20%. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við ELCK kirkjuna í Keníu, sem hefur verið samstarfsaðili SÍK í áratugi.

Með þessu þróunarverkefni vill SÍK stuðla að því að börn og ungmenni fái öruggt, aðgengilegt og styðjandi umhverfi til náms, auk þess sem samfélagið nær-umhverfis þeirra nýtur beinna áhrifa af bættum innviðum, hreinu vatni og sjálfbærum lausnum.

Þróunarverkefninu er skipt í þrennt: Vatnsverkefni, Trjárverkefni og skólaverkefni

Vatnsverkefni

Aðgangur að hreinu vatni er forsenda lífs og menntunar. Í mörgum heimavistarskólum í Pókot héraði í Keníu eyða nemendur klukkustundum á dag í að sækja vatn, tími sem annars gæti farið í nám. Skortur á hreinlætisaðstöðu bitnar sérstaklega á stúlkum sem þurfa öruggan aðgang að vatni og hreinlæti vegna blæðinga. Hluti þróunarverkefnisins er að tryggja aðgang að drykkjarhæfu vatni og hreinlætisaðstöðu sem nýtist bæði nemendum og nærsamfélaginu. Með því



Nýjasta borholan

sólarknúnar dælur sem dæla vatni frá borholum til heimavista og eldhúsa. Þar sem vatnsból eru fyrir, verða handdælur leystar af hólmi með sólardælum.

Vatnsverkefnið er þegar hafið og lýkur

á næsta ári. Þegar verkefninu lýkur hafa sex nýjar borholur verið boraðar og útbúnað með búnaði sem tryggir öruggan aðgang að vatni og hreinlæti. Þetta skapar heilbrigðara og öruggara skólaumhverfi fyrir nemendur og samfélagið í heild.

Trjáverkefni

Á mörgum svæðum í Pókot í Keníu hefur jarðvegur spillst og tré verið felld, sem hefur dregið úr fæðuöryggi og sjálfbærni samfélaga. Til að snúa þessari þróun við hefur Kristniboðssambandið hafið trjáræktarverkefni sem hluta af þróunarstarfi í héraðinu.

Verkefnið miðar að því að efla sjálfbærni, fæðuöryggi og umhverfisvernd og kenna nemendum að rækta tré sem nýtast til matar og tekjuöflunar. Með því að þróa þekkingu á ræktun ávaxta- og nytjatréja læra nemendur vistvænar aðferðir og styrkja sjálfstæði samfélagsins.

Nemendur taka þátt í fræsöfnun, gróðursetningu og umhirðu plantna og fá kennslu um hvaða tegundir henta mismunandi svæðum. Þekkingin verður styrkt með einföldu námsefni til áframhaldandi fræðslu. Gróðursetning hefst 2025 og verkefnið heldur áfram fram til 2028.

Skólaverkefni

Í Pókot-héraði í Keníu sækja mörg börn nám við erfiðar aðstæður. Skólar eru illa búnir, kennarar án skrifstofu og heimavistir yfirfullar. Þrátt fyrir það ríkir sterkur vilji til náms og framtíðarvon. Nú er stigið stórt skref til að bæta aðstöðu og efla kennslu.

Kristniboðssambandið, í samstarfi við ELCK kirkjuna í Keníu og með stuðningi utanríkisráðuneytisins, vinnur að uppbyggingu skóla á jaðarsvæðum héraðsins. Þar verða reistar nýjar skólastofur, heimavistir, salerni og skrifstofur kennara. Með



Unnið við gróðursetningu

því skapast öruggt og hvetjandi náms-umhverfi þar sem börn geta lært og þroskast.

Sérstök áhersla er lögð á að efla stúlkur til náms með bættri heimavist og hreinlætisaðstöðu.

Einnig eru haldin námskeið fyrir kennara og stjórnendur um gæði kennslu, jafnrétti og varnir gegn kynbundnu ofbeldi.

Öruggt skjól fyrir stelpur

Eitt af fyrrum húsum íslensku kristni-boðanna í Chepareria hýsir nú tuttugu ungar stúlkur sem fá að eiga þar griðastað og skjól.

Forsaga málsins er sú að eitt helsta áhyggjuefni skólastjóra og kirkjunnar fólks í Pókot er að umskurður kvenna viðgangist enn og í framhaldinu eru stúlkurnar seldar í hjónabönd fyrir nokkrar geitur. Í flestum

Hægt er að styrkja þróunarverkefnið í gegnum gjafareikninga Kristniboðssambandsins.

Kennitala SÍK er 550269-4149

Arion banki: 328-26-2800

Íslandsbanki: 515-26-2800

Landsbankinn: 117-26-2800

tilvikum eru þetta ekki gjafvaxta stúlkur heldur stelpur á aldrinum 9-13 ára. Víða eru stúlkur enn beittar þrýstingi, bæði af foreldrum sínum og þjóðfélaginu, til þess að láta umskerast. Þetta er ein af stóru hindrununum fyrir menntun stúlkna og athöfn sem hefur varanleg áhrif á líf þeirra. Sem betur fer hefur kirkjan haft áhrif til þess að tala gegn þessum siðum og skólastjórnarnir „okkar“ brenna fyrir málefnið. Hættulegasti tíminn fyrir þessar stúlkur eru skólafríin, en þá eiga þær helst á hættu að vera umskornar og giftar.

Kristniboðssambandið og ELCK kirkjan í Pókot, með stuðningi utanríkisráðuneytisins, styðja við frumkvöðlaverkefni Jamas Murray, skólastjóra Propoi Girl's Secondary School, þar sem hún skapar þessum stúlkum öruggt skjól. Jamas er mjög dugleg að deila fréttum af starfi sínu og baráttu fyrir þessar stúlkur og hér má fylgjast með Facebook-síðu sinni www.facebook.com/jamas.murray.



Fréttir frá Kobe haustið 2025

Kæru kristniðóðsvinir

„En hvernig eiga menn að geta ákallað þann sem þeir trú á ekki á? Og hvernig eiga þeir að trú á þann sem þeir hafa ekki heyrt um? Og hvernig eiga þeir að heyra án þess að einhver prédiki?“ (Róm 10:14).

Þessi orð Páls postula brenna stöðugt í hjörtum okkar hér í Japan. Og þótt Japan sé oft kallað einn af hörðustu ökrum heims þá svarar Drottinn bænum okkar oft á undraverðan hátt, bæði í hjörtum ungs fólks og fullorðinna sem lengi hafa leitað sannleikans.

Framtíð kirkjunnar: Ungmennasamvera á Rokko-eyju

Gleðin var við völd í kirkjunni á Rokko-eyju kvöldið 2. nóvember þegar japönsk og norsk ungmenni áttu saman góða stund. Hópurinn samanstóð af átta japönskum ungmönnum úr okkar söfnuði og grannkirkjunum, ásamt sex norskum nemendum sem voru í heimsókn á vegum skóla sinna til að styðja við kristniðóð. Þetta var dýrmæt samkoma þar sem trú, menning og tungumál sameinuðu hópinn.

Kristniðóðar frá Finnlandi og Noregi, sem starfa í nærliggjandi söfnuðum, lögðu hönd á plóg með okkur. Finnsku



Frá unglingsamkomu

kristniðóðarnir skipulögðu leiki sem allir nutu og Christoffer Nævdal, barnabarn Haraldar Ólafssonar sem var kristniðóði í Eþíópíu til margra ára, lék á píanó. Þá steikti einn af norskum kristniðóðunum íslenskar pönnukökur gestum til mikillar ánægju.

Það sem snerti okkur þó dýpst var vitnisburðurinn sem Yuto Yamakawa flutti.

Yuto var áður í ungmennahópnum okkar og skírðist fyrir nokkrum árum. Hann er nú einn af okkar kærustu vinum og duglegur að vitna um trúna meðal vina sinna. Hann sagði opinskátt frá því hvernig Jesús breytti lífi hans úr vonleysi í von og úr einmanaleika í fjölskyldu Krists. Við þökkum Guði fyrir hvert einasta ungmenni sem var í salnum þetta kvöld. Þessi stund sýndi okkur enn og aftur hversu mikilvægt það er að auka samstarf á milli systursafnaða hér í Kobe. Þau ungmenni sem þarna sátu eru framtíð japönsku kirkjunnar.

Vakningarfundir með Arthur Holland: „Fólk hungraði eftir orði Guðs“

Aðeins viku síðar, sunnudaginn 9. nóvember, fylltist kirkjan aftur en að þessu sinni af fólki á öllum aldri. Vakningarprédikandinn Arthur Holland var þar á ferð en hann er sonur bandaríksks föður og japanskrar móður. Arthur hefur gengið þvert yfir Japan, Kóreu og Bandaríkin með krossinn á öxl og hefur séð hundruð Japana koma til trúar í gegnum árin. Hann talaði tvisvar þennan dag en það var fyrst í guðsþjónustunni og svo aftur síðdegis. Að samkomum loknum var síðan gengið um eyjuna með krossinn.

Það er erfitt að lýsa andrúmsloftinu en margir voru hungraðir eftir að heyra orð Guðs. Arthur boðaði skýrt boðskapinn um synd, iðrun, fyrirgefningu og frelsun í Jesú Kristi. Hann prédikaði hispurslaust og talaði beint til samviskunnar. Japanir bera



Frá vakningarsamkomu



Arthur Hollands

oft skömm í hljóði en þarna fengu þeir að heyra að það er til fyrirgefning.

Ávöxturinn lét ekki á sér standa en fimm einstaklingar voru skírðir þennan dag. Kona nokkur, sem kom til trúar fyrir tveimur árum þegar Arthur var hér síðast, var einnig viðstödd. Hún er orðin virk í safnaðarstarfinu og sér nú um Facebook-síðu kirkjunnar. Það var einnig ánægjulegt að dóttir hennar tekur nú þátt í unglिंगastarfinu okkar af miklum krafti.

Þessi mikla andlega þörf sem við skynjum í nærumhverfi okkar minnir okkur einnig á mikilvægi þess að biðja fyrir þjóðinni í heild og stjórnmalámönnum hennar. Japan stendur á tímamótum og nýverið tók Sanae Takaichi við embætti forsætisráðherra. Hún stendur frammi fyrir krefjandi verkefnum í samfélagi sem glímur við öldrun þjóðarinnar og efnahagslegar áskoranir, en líkt og við sjáum í kirkjunni okkar þá eru veraldlegar lausnir sjaldnast nóg einar og sér.

Sem kristið fólk finnum við sterkt til ábyrgðar okkar að biðja fyrir nýjum yfirvöldum, að þau megi hafa visku til að stýra landinu af réttlæti. Bæn okkar er að nýir leiðtogar megi vera opnir fyrir gildum sem byggja upp og umfram allt að Guð megi halda áfram að opna dyr fyrir fagnaðarerindið í Japan, jafnvel á æðstu stöðum.

Kæru kristniboðsvinir heima á Íslandi. Þið hafið beðið fyrir okkur og starfinu í gegnum árin. Megi Drottinn blessa ykkur ríkulega fyrir trúfesti ykkar.

Með kærri kveðju og þakklæti,
Leifur og fjölskylda.

Fullt hús í íslenskukennslu



Um níuleytið á morgnana, tvisvar í viku, má sjá fólk af ýmsum uppruna streyma inn í Kristniboðssalinn. Það kemur utan úr kuldunum og inn í hlýjuna, þar sem það hittir fyrir fjölda sjálfboðaliða sem tekur vel á móti þeim. Þetta eru nemendur okkar í íslenskukennslunni, en SÍK hefur boðið upp á íslenskukennslu fyrir útlendinga í tíu ár. Í haust hefur mætingin verið með allra besta móti, allt að 70 manns. Allir eiga sinn hóp og sinn kennara, enda sinna sjálfboðaliðarnir sínu fólk vel. Það er stórkostlegt að vera fluga á vegg og heyra fólk æfa sig að segja frá daglegu lífi, æfa hljóðin og hlæja saman. Nemendur okkar eru frá öllum heimsálfum nema Ástralíu og eru hér af mismunandi ástæðum. Flestir eru þó hér til að leita betra lífs og lífsgæða. Sumir koma til okkar á eitt til tvö námskeið en aðrir koma ár eftir ár og eru orðnir góðir vinir okkar.

Okkur hefur lengi langað til að bjóða íslenskunemendum upp á námskeið eða

annað sem kynnir þau fyrir trúnni. Á yfirstandandi hausti gafst tækifæri til að halda Alfa-námskeið fyrir útlendinga og nokkur úr kennslunni nýttu tækifærið. Annars staðar í blaðinu er stutt frétt af námskeiðinu.

Bæði í íslenskukennslunni og Alfa-námskeiðinu er boðið upp á veitingar. Þegar fjöldinn eykst eykst líka kostnaðurinn, en okkur finnst þetta mikilvægur liður í starfinu og það skapar tækifæri til samfélags. Ef þú vilt hjálpa til við að fjármagna kaffi og kex fyrir íslenskukennsluna og léttu máltíð á Alfakvöldunum er hægt að leggja inn á reikning Kristniboðssambandsins 0117-26-002820 og merkja „íslenskukennsla“ eða „Alfa“.

Næsta íslenskunámskeið hefst um miðjan janúar og ef þig langar til þess að gerast sjálfboðaliði í kennslunni má hafa samband við skrifstofuna eða undirritaða.

Sigríður Schram

Taktu þátt og upplifðu gleði, hlýju og þakklæti!

Viltu leiðbeina í íslenskukennslu í vetur?

Kristniboðssambandið leitar að sjálfboðaliðum til að kenna íslensku í skemmtilegu og gefandi umhverfi. Kennsla er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 9:30–12:30 og hefst fimmtudaginn 15. janúar

2026. Vertu í sambandi við okkur á skrifstofunni

í s. 533 4900 eða sik@sik.is.

Sex þjóðir á sama Alfa námskeiðinu

Á liðnu hausti var haldið Alfa námskeið í Kristniðóssalnum sem hafði örlítið sérstakan markhóp. Við vildum reyna að ná til Írana á Íslandi. Móðurmál Írana er persneska (farsi). Við ákváðum að auglýsa námskeiðið opið fyrir alla farsímælandi og enskumælandi einstaklinga og þjóða upp á kennsluna með ensku tali en textað á farsí. Námskeiðið var kynnt m.a. í hópi útlendinga sem eru að læra íslensku hjá Kristniðóssambandinu. Við biðum spennst eftir að sjá hvort einhverjir mættu. Það komu nokkrir Íranir en einnig nokkrir sem vildu nýta sér að hlusta á námskeiðið á ensku. Það var því samsettur hópur af Íslendingum og fólki frá Íran, Sírylandi, Króatíu, Indlandi og Svíþjóð sem tók þátt. Helsta áskorunin var þegar skipt var í umræðuhópa að geta gert sig skiljanlegan, þ.a. allir í hópnum skildu og gætu tekið þátt. Þátttakendur voru óhræddir við

að spyrja út í efni hvers kvölds og hver og einn fékk tækifæri til að segja frá sinni skoðun, reynslu og hugmyndum. Þetta blessaðist því vel og flestir mættu samvissusamlega allt til enda. Við vorum með Alfadag á laugardegi sem var sérlega góð samvera og kennslan snerti greinilega við þátttakendunum. Boðið var upp á fyrirbæn og allir þáðu hana. Þrátt fyrir að það sé áskorun að hafa svo blandaðan hóp á námskeiðinu þá held ég að allir þátttakendur hafi verið þakklátir fyrir fræðsluna og samfélagið sem myndaðist. Við erum þakklát fyrir að Guð lauk upp hjarta og huga þeirra sem sóttu námskeiðið og vonum að við getum leitt þau áfram á trúargöngu þeirra í framtíðinni.

Guðlaugur Gunnarsson



Nýútkomnar skýrslur um lífsgæði fullorðinna kristniðóðabarna

Eins og fram kom í síðustu Kristniðóssfréttum hafa kristniðóðshreyfingar á Norðurlöndunum þurft að horfast í augu við að margt fólk sem fylgdi foreldrum sínum út á kristniðóðsakerinn á árum áður sem börn hefur borið af því skaða. Norrænu kristniðóðshreyfingarnar bjóða kristniðóðabörnum upp á ýmis úrræði til bata, m.a. samtal við fagaðila, námskeið og viðburði þar sem fólk getur hist og deilt reynslu sinni.


Nýverið var gefin út skýrsla í Noregi um lífsgæði fullorðinna kristniðóðabarna og má sjá hana á vefslóðinni www.sendtbort.no/rapport-livskvalitet2025. Í henni kemur fram að mörg kristniðóðabörn glími við heilsufarsferðleika eða skert lífsgæði á fullorðinsárum. Danska kristniðóðssambandið LM hefur einnig gefið út sambærilega skýrslu og um hana má lesa á vefslóðinni danmission.dk/rapport-om-born-af-udsendte.

Við hjá SÍK höfum boðið Ragnhild Myren, starfsmannastjóra hjá NLM, að koma á kristniðóðsviku 2026 og kynna skýrsluna og hvernig Norðmenn hafa unnið með

þessi mál. Viðburðurinn verður nánar auglýstur síðar en hann verður einungis ætlaður íslenskum kristniðóðabörnum. Þar verður vettvangur fyrir þau til að bera

saman bækur sínar og ræða hvort og hvernig stuðningsúrræði væri þörf fyrir hér heima.

Sigríður Schram



Fréttir frá Búlgaríu

Kæru vinir

Enn og aftur heilsum við ykkur í nafni frelsara okkar, Jesú Krists. Lífið hefur verið annasamt og nú þegar sumrinu er lokið er daglega rútínin tekin við aftur. Þetta sumar var eitt það hlýjasta sem við höfum upplifað síðan við komum hingað árið 2009. Mjög lítil rigning, svo plöntur, grænmeti, hundar og við áttum í erfiðleikum í stöðugum hita upp á 35 til 40°C. Við vorum mjög þakklát fyrir að geta bara hvílt okkur og slakað á í ágúst, mánuði þegar flestir Búlgarar taka sér pásu.

Við höfum nýtt ráðgjafanámskeið með fjórum þátttakendum í byrjun september. Við vorum að velta fyrir okkur alveg fram á síðasta mánuð hvort við myndum halda námskeiðið eða hvort þeirri tilteknu þjónustu væri að ljúka. Í upphafi voru um átta manns sem sýndu áhuga, en þeir áttu erfitt með að staðfesta og sérstaklega skuldbinda sig til tveggja ára þjálfunar. En nú höfum við lokið tveimur helgum og hópurinn er farinn að tengjast saman. Þau eru þrjú eldri, á fertugs- og fimmtugsaldri: sálfræðingur, tryggingamiðlari, kristinn ungmennaráðgjafi og ung stúlka, 22 ára, sem starfar í biblíuskóla kirkjunnar. Þau koma öll með mismunandi sjónarhorn að borðinu og eru mjög áhugasöm um að skilja hvers vegna þau starfa eins og þau gera og hvað er að gerast í samskiptum þeirra.

Við erum bæði að vinna af fullum krafti, Gísli býður upp á 12–14 sál-gæslutíma í viku og Norah er með átta skjólstæðinga. Síðan höldum við ráðgjafanámskeið einu sinni í mánuði og skipuleggjum námskeið fyrir þá sem áður hafa sótt námskeið hjá okkur.

Í lok september sóttum við ráðstefnu með SEND á Spáni. Áherslan var á sál-gæslu kristniðóða og fjölskyldna þeirra. Þátttakendur fengu úthlutaðan ráðgjafa og gátu deilt með honum vandamálum sínum. Einnig voru skipulagðir 5–6 manna hópar þar sem við ræddum um þær áskoranir sem við gætum staðið frammi fyrir á vettvangi vegna ólíkra menningarheima okkar. Kennslan og lofgjörðarstundirnar voru frábærar. Þetta var góð blanda af nýjum kristniðóðum sem voru að koma á vettvang og öðrum sem voru að yfirgefa vettvanginn eftir að hafa þjónað í allt að 30 ár. Að hitta gamla vini og byggja upp ný vináttubönd var í grundvallaratriðum frábær félagskapur og tími þar sem við fengum góða hvíld og andlega og tilfinningalega næringu fyrir sálir okkar.



Við erum mjög þakklát ykkur öllum; þið hafið stutt okkur og annast okkur með bænum, fjárstuðningi, smáskilaboðum, kortum, heimsóknum og athugað hvernig við höfum það.

Við erum meðvituð um og mjög þakklát fyrir að það sé fjöldi fólks sem biður fyrir okkur í mismunandi löndum. Þetta er okkur nauðsynlegt; við upplifum oft kraft bænanna og umbreytingarinnar í okkur og skjólstæðingum okkar vegna þess að við færum Drottin inn í allt. Án ykkar væri allt okkar starf til einskis.

Í byrjun september tók Gísli að sér þrjá nýja skjólstæðinga. Þetta eru allt ungir einstaklingar á aldrinum 21 til 28 ára. Þeir eru allir kristnir og glíma við lélega sjálfsmynd.

Algengt vandamál hjá skjólstæðingum okkar er að þeir eiga erfitt með að þekkja, nefna eða lýsa eigin tilfinningum. Þetta þýðir þó ekki að þeir upplifi eða sýni engar tilfinningar. Ef helstu tilfinningar þeirra eru til dæmis reiði, sorg eða kvíði og þeir finna fyrir þessum tilfinningum í samskiptum en neita fyrir bæði sjálfum sér og öðrum að þeir séu reiðir, þá hafa þeir tilhneigingu til að skella skuldinni á aðra og verða varnarsinnaðir. Þetta getur verið mjög skaðlegt í samböndum þeirra.

Margir þessara skjólstæðinga eiga það sameiginlegt að hafa alist upp við að tilfinningar væru almennt ekki sýndar, viðurkenndar eða taldar mikilvægur hluti af lífinu. Það var öruggara að hlýða og gera það sem sagt var en að tjá skoðanir sínar eða sýna viðkvæmni. Í slíkum aðstæðum lærðu börnin ekki að skilja eða nefna eigin tilfinningar, og hrós var jafnvel talið

Biðjið með okkur fyrir...

- framtíðinni og leiðsögn Guðs
- visku og næmni í þjónustunni
- skjólstæðingum okkar
- að Guð kalli fleiri til að starfa með Rómafólki
- fjölskyldum okkar, vinum og nágrönnum

hættulegt þar sem það gæti gert börnin montin. Það þótti algengara að benda á það sem gert var rangt.

Við höfum einnig séð að kennsla um tilfinningar er lítil sem engin í grunn-, mið- og framhaldsskólum hér á landi. Þetta gæti skýrt hvers vegna svo margir eiga í erfiðleikum með tilfinningatengsl – bæði í fjölskyldum, trúfélögum og samfélaginu almennt.

Stór hluti af starfi okkar felst því í því að hjálpa skjólstæðingum að verða meðvitaðir um innra líf sitt, að eiga og viðurkenna þær tilfinningar sem koma upp, að staðfesta tilfinningar annarra – og þannig upplifa hvernig sambönd þeirra verða smám saman betri og nærandi.

Kær kveðja, Gísli og Norah

Á síðunni eirene-counselling.com/en/ má nálgast frekari upplýsingar.

Gísli og Nora starfa að sál-gæslu og þjálfun í Búlgaríu hjá Eirene Counselling. Kristniðóðssambandið styrkir starfið þeirra með mánaðarlegum framlögum. Þau þiggja einnig styrki frá kirkjum og einstaklingum á Írlandi, Englandi og í Bandaríkjunum.

Samstarf í útnorðri



Það var mjög uppörvandi og ánægjulegt að taka þátt í Stórmæti í Færeyjum helgina 7.-9. nóv. sl.

Kirkjuliga Heimamissiónin (Kirkjulega heimatrúboðið, KH) stendur að stormæti á hverju hausti. Um er að ræða einnar helgar samkomuröð sem haldin er á mismunandi stöðum í Færeyjum. Fólk kemur

hvaðanæva að enda yfirleitt ekki miklar vegalengdir og myndarskapur í gangnagerð undanfarna áratugi einfaldar samgöngur milli eyja.

Að þessu sinni fór samkomuhaldið fram í íþróttahöllinni í Kambsdal, í næsta nágrenni við Fuglafjörð.

Kristniðóssambandinu (SÍK) var sér-

staklega boðið að senda fólk til þátttöku og við fórum þrjú, auk mín þau Sigríður Schram framkvæmdastjóri SÍK og eiginmaður hennar Ágúst Steindórsson.

Í Kambsdal voru almennar samkomur föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld. Á hverri samkomu var ítarlegur vitnisburður og efnismikil prédikun en einnig mikil og lifandi tónlist. Hægt var að fá túlkun yfir á ensku gegnum heyrnartól en í flestum tilvikum fannst okkur betra að hlusta bara á færeyskuna því við skildum yfirleitt vel það sem sagt var á samkomunum. Uppörvandi var að sjá þann fjölda fólks á öllum aldri sem mætti.

Föstudags- og laugardagskvöld voru sérstakar ungmennasamkomur síðar um kvöldið. Við létum nægja að vera þar fyrsta hálf tímann en lögðum svo af stað til Þórshafnar til að ná háttum á skikkianlegum tíma.

Á sunnudaginn fórum við í messu í Fuglafirði og var síðan boðið í hádegismat til eins af máttarstólpum hreyfingarinnar þar í bæ og fjölskyldu hans.

Um miðjan sunnudag var fjölmennasta samkoma helgarinnar: Barna- og fjöl-



skyldusamkoma í Kambsdal. Sú samkoma byggðist að verulegu leyti á söng barnakóra og smærri sönghópa sem starfa innan KH víða í Færeyjum. Á þessari samkomu voru sannarlega allar kynslóðir og greinilegt að mörgum barnanna fylgdi stórfjölskyldan.

Auk þess að sækja samkomur helgarrinnar kynntum við okkur starf og starfsaðstöðu KH. Höfuðstöðvarnar eru í Nesvík. Þar er stórglæsileg aðstaða til að halda mót og námskeið, gistiástaða innanhúss fyrir á annað hundrað manns og íþróttaalur sem auðveldlega má breyta í samkomusal með sætum í hundraðatali.

Í Nesvík eru einnig skrifstofur hreyfingarinnar og aðstaða stjórnar og starfsfólks. Það er hins vegar að breytast því nú um áramótin verða skrifstofurnar fluttar til Þórshafnar þar sem KH hefur fengið til umráða stórt hús undir starfsemi sína sem við skoðum einnig.

Síðla á laugardagsmorgni nutum við gestrisni stjórnarformanns KH og fjölskyldu hans en um miðjan daginn var sérstök samverustund í kristniðóðshúsinu í Leirvík. Þar fór Sigríður Schram í stuttu máli yfir kristniðif Íslendinga frá því fyrir aldamótin 1900 og sögu og starf Kristniðóðssambandsins. Allstór hópur mætti á þessa samveru og greinilegt að mörgum Færeyingum er hlýtt til Íslendinga og það yljaði okkur í þokulofninu sem vofði yfir allan tímann.

Þennan hlýhug fundum við þrjú í öllum samskiptum þessa daga og nutum mikillar velvildar Færeyinga í garð Íslendinga.

Við fengum góða innsýn í starf og starfsaðstöðu KH. Kirkjuliga Heima- missiðin er sjálfstæð hreyfing innan fær- eysku kirkjunnar sem starfar víða í nánú samstarfi við prestana. Hreyfingin er



sprottin upp úr dönsku heimatruðóðs- hreyfingunni en hefur fyrir löngu slitið formlegum tengslum við Danina. Eins og nafnið bendir til er lögð áhersla á heimastarf, þ.e.a. s., starf í Færeyjum. Það felst í samkomuhaldi, barna- og ungmennastarfi, tónlistarstarfi o.fl. en einnig hefur hreyfingin staðið að sjómannatruðóði bæði heima og í löndum þar sem færayskir sjómenn koma í land. Þau sem eldri eru muna líklega eftir færayska sjómannaheimilinu sem lengi stóð á horni Frakkastígs og Skúlagötu í Reykjavík en langt er síðan það var aflagt og í staðinn kom Sjómannaheimilið Örkin í Brautarholti. Þá hafa hópar Færeyinga komið hingað til lands til samkomuhalds, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á Austfjörðum. Í mörgum tilvikum er þar um að ræða hópa fólks í Kirkjuligu Heimamissiónni.

Að öðru leyti hefur KH ekki staðið að beinu trúðóði utan landsteina heima- landsins en einstaklingar innan vébanda hreyfingarinnar hafa tekið beinan þátt í

kristniðóði í fjarlægum löndum. Núverandi formaður KH og eiginkona hans voru til að mynda kristniðóðar í Tansaníu í átta ár kringum aldamótin.

Fyrir nokkru barst SÍK formlegt erindi frá KH með ósk um samstarf. Það felur m.a. í sér að Færeyingarnir vilja taka þátt í kristniðóðsstarfi SÍK nær og fjær sem er mjög gleðilegt. Eins liggur þeim á hjarta að geta myndað tengsl og hafið starf á Grænlandi og vilja gjarnan hafa SÍK með í því. Í forystu KH eru Jákup Brúsá framkvæmdastjóri og Heri Kjærbo stjórnarformaður, báðir afar áhugasamir og brennandi í andanum og stórhuga en stórhugur og auðmýkt eru góð blanda í Guðsríki.

Ánægjulegt væri að sjá samskiptin eflast og blómgast á komandi misserum og árum, báðum aðilum til góðs og Guðs kristni til eflingar.

Ólafur Jóhannsson



Jólakveðja frá Basarnum

Nú nálgast jólin enn og aftur. Í hönd fer háannatími á Basarnum, nytjamarkaði okkar. Basarinn er ekki aðeins mikilvæg tekjulind – alls ekki. Þar gefst okkur einnig dýrmætt tækifæri til að mæta fólki í margvíslegum aðstæðum. Flestir koma til að versla, sumir til að eiga samskipti og njóta samfélags, og enn aðrir til að leita upplýsinga um starf okkar. En leyndardómur Basarsins er – og hefur alltaf verið – þjónustan við manneskjurnar.

Til okkar leita einstaklingar með brotin líf og ýmiss konar erfiðleika. Við getum ekki veitt fjárhagslega aðstoð en við þjónustum með fyrirbænum og reynum eftir megni að veita leiðsögn og hlýju.

Eitt sinn kom ung, einstæð móðir inn í búðina. Hún og níu ára barn hennar voru

nýflúin frá ofbeldismanni. Hún hafði dvalið hjá Stígamótum í nokkrar vikur. Maðurinn hafði skipt um lás og hún komst ekki inn til að sækja neitt. Hún var í fötunum sem hún stóð í – og barnið sömuleiðis. Hún fékk að ganga um og finna sér fatnað. Barnið skoðaði jólaskraut og tölvuleiki. Ég gekk til hennar og sagði að hún mætti taka föt handa sér að kostnaðarlausu. Barnið hafði safnað saman nokkru jólaskrauti og augun leituðu aftur og aftur í átt að leikjatölvu. Þegar þau komu svo að afgreiðsluborðinu heyrði ég móðurina segja: „Elskan, við höfum ekki efni á þessu,“ og benda á skrautið sem barnið hafði valið. Ég sá tár renna niður vanga hennar.

„Heyrðu,“ sagði ég og sneri mér að þeim. „Hvað vantar ykkur? Veljið ykkur jólaskraut

og tré – alveg frítt!“ Þau horfðu á mig agndofa, en völdu síðan nokkra hluti og settu í körfu. Á meðan tók ég leikjatölvuna, leikina og stýripinnann, setti allt í poka og hafði tilbúið. Þegar þau komu aftur að borðinu gengum við frá öllu saman. Svo rétti ég þeim pokana – og leikjatölvuna. Móðirin horfði undrandi á mig. „Já, en...?“

„Þetta er jólagjöf okkar til ykkar. Guð gefi ykkur gleðileg jól.“

Nokkrum vikum síðar kom móðirin aftur til að þakka. „Við fengum íbúð,“ sagði hún. „Og þið björguðuð jólonum okkar. Takk!“

Guð gefi gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

Kalli Gísla



Hvað viljum við fá á Basarinn?

Fatnaður & heimilismunir

- Hreinn og heill fatnaður á fullorðna*
- Hreinir og heilir eldhúsmunir
- Hnífapör og stell
- Gjafavörur, stytur og vasar
- Geisladiskar og DVD diskar

Bækur á íslensku

- Ævisögur (útgefnar á þessari öld)
- Íslensk skáldverk – innbundin og kiljur
- Þýdd skáldverk – kiljur
- Þjóðlegur fróðleikur
 - Sagnfræði
 - Ættfræði
 - Ljóðabækur

Bækur á ensku

- Kiljur

Safnmunir

- Frímerki
- Gamlir seðlar
- Mynt

*Við tökum ekki við bómullarbólum, nærfötum, notuðum sokkum, barnafatnaði og leikföngum.

Erfiðleikar í Eþíópíu

Undanfarin tvö ár hafa verið mjög erfið í S-Ómo, nánar tiltekið í Ómo Rate og svæði Dasaanech-manna. Yfirvöld Eþíópíu byggðu stóra stíflu norðarlega í Ómo ánni. Þetta hefur valdið miklum flóðum á láglendi í kringum Ómo Rate. Starf kirkjunnar okkar, Mekane Yesus, hefur orðið fyrir miklum áhrifum af þessu. Fólk flýr bakka Ómo-árinna og mörg flóttamannaþorp hafa verið reist sem skjól fyrir íbúa svæðisins. Þegar lækkar í ánni flytur fólk til baka, til þess eins að flýja aftur nokkrum vikum seinna. Þetta á við flest þau svæði sem kirkjan hefur starfað á, s.s. Kabúsía og Korro. Báðir þessir staðir liggja við árbakkann en eru óbyggilegir í dag. Sama gildir um bæinn Ómo Rate. Söfnuðurinn þar var nýbyrjaður á byggingarframkvæmdum við endurnýjun og stækkun kirkjunnar. Það er nú allt fyrir bí. Kristniboðslóðin og húsin á henni eru einnig mikið skemmd og nú ónýtanleg. Yfirvöld hafa ákveðið að færa bæinn um 20 km norður, fjær ánni og ofar í landið, sem kallar á nýja kirkju í nýjum bæ. Uppbygging starfsins næstu mánuði og ár er því mikil og verkefni fram undan eru gríðarleg. Það á bæði við safnaðarstarfið



og við byggingu kirkjunnar sjálfra.

Ný ógn hefur síðan bæst við, en yfirvöld í Eþíópíu hafa staðfest þrjú dauðsföll af völdum Marburg-veirunnar (sem er afbrigði E-bólu veiru) á Jinka svæðinu sem er í nágrenni Ómo Rate. Að minnsta kosti níu einstaklingar þar hafa greinst með smit og þrjú önnur dauðsföll eru til frekari rannsóknar. Yfirvöld hafa virkjað neyðarviðbragð með aðstoð sérfræðinga frá WHO og Sóttvarnastofnun Afríku.

Marburg-veiran veldur skyndilegum hita, miklum höfuðverk og uppköstum og getur í alvarlegum tilfellum leitt til blæðinga.

Álag á predikara og starfsfólk Mekane Yesus hefur verið gríðarlegt en mitt í öllu sem gengið hefur á hafa söfnuðir á svæðinu vaxið. Mikið uppbyggingarstarf er því fram undan. Biðjum fyrir kirkjunni og starfi hennar í Ómo Rate og Dasaanach-þjóðflokknum.

Kalli Gísla

Hendum ekki verðmætum!

SÍK safnar frímerkjum, gamalli og nýrri mynt og seðlum, innlendum sem erlendum. Allt er selt fyrir hámarksverð til styrktar starfi SÍK.

Skilastaðir eru skrifstofa SÍK og Basarinn Austurveri.
 Póstfangið er Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.
 Á Akureyri: Jón Oddgeir Guðmundsson í Litla Húsinu.



Jólakveðja

Ágæti lesandi Kristniboðsfrétta Margvísleg ljós gleðja okkur í skammdeginu, bæði náttúruleg birta himintunglanna og manngerð jólaljós. Ljósin minna á hið sanna ljós, Jesú, sem kom í heiminn og er ljós heimsins.

Með gjöf til kristniboðsins tökum við þátt í að tendra ljós gleði þeirrar sem fylgir fagnaðarerindinu um Jesú. Við opnum fyrir ljósið inn í andlegt myrkur og eynd margra.

Um mánaðamótin var send valkrafa á áskrifendur Kristniboðsfrétta sem birtist í heimabönkum þeirra. Áskrifendur hafa val – og greiða ef þeir vilja en láta ógert ef þeir vilja ekki. Von okkar er sú að fyrri kosturinn

verði fyrir valinu hjá sem flestum og við þökkum fyrir fram fyrir þær gjafir.

Valkrafan er sett inn til að auðvelda fólki að gefa. Upphæðin er 5.000 kr. Vilji einhver gefa minna eða meira er reikningur SÍK nr. 0117-26-002800 og kennitalan 550269-4149.

Með góðri gjöf til kristniboðsins tökum við þátt í að fleiri kynnist ljósinu sem kom í heiminn í Betlehem – og tökum þátt í margvíslegri kærleikspjónustu meðal meðbræðra og systra úti í heimi.

Með blessunaróskum og bæn um gleðileg jól.

*F.h. stjórnar SÍK
Sigríður Schram, framkvæmdastjóri*



Lykilorð ársins:
**Guð segir:
Sjá, ég geri
alla hluti nýja.**
ÓPINBERUNARBOKIN 215

Lykilorð
2026

Bókin er komin á Basarinn og svo er líka hægt að panta á <https://lykilorð.is>

Að baki og framundan

Sumarmót Kristniboðssambandsins

Sumarmót Kristniboðssambandsins var haldið að Löngumýri í Skagafirði um miðjan júlímánuð. Mikil ánægja var með mótið, samfélag og trúarlega uppfræðslu.

Haustmót í Vatnaskógi

Haustmót var haldið af Kristniboðssambandinu, Salti kristnu samfélagi og Íslensku Kristskirkjunni í byrjun október. Fjölmenni var á mótinu og gott að njóta aðstöðunnar í Vatnaskógi og samveru við bræður og systur í trúnni. Gestur mótsins og ræðumaður var Jákup Brúsá, framkvæmdastjóri Kirkjulígu Heimamissíónarinnar í Færeyjum, og yfirskrift mótsins var Kirkjan.



UL - landsmót NLM

UL var haldið í Stavanger í júlí. Líkt og undanfarin ár hefur íslenskum ungmennum verið boðið að taka þátt, þeim að kostnaðarlausu. Í ár þáðu 15 íslensk ungmenni boðið og sóttu landsmótið sér til blessunar og uppörvunar.

Endurnýjun á borðum og borðbúnaði

Borð og borðbúnaður hafa verið endurnýjuð í salnum fyrir gjafafé frá félögum í Kristniboðssambandinu.

Kristniboðsdagurinn

Kristniboðsdagurinn var sunnudaginn 9. nóvember síðastliðinn, annan sunndag í mánuðinum. Útvarpsguðsþjónusta var frá Hallgrímskirkju þar sem Guðlaugur Gunnarsson prédikaði.

Kaffisala Kristniboðsfélags karla

Kaffisala var að vanda haldin á kristniboðsdaginn. Innkoma af kaffisölunni var um 600.000 kr. Stjórn og starfsmenn SÍK vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við undirbúning og framkvæmd kaffisölnnar.



Jólabasar Kristniboðsfélags kvenna

Hinn árlegi jólabasar var haldinn laugardaginn 15. nóvember. Að venju var þar til sölu margs konar handverk, kökur o.fl. auk happdrættis með fjölda glæsilegra vinninga. Jólabasarinn er mikilvæg fjárflokkun fyrir starf Kristniboðssambandsins. Inn kom 1.500.000 kr. Stjórn og starfsmenn SÍK vilja þakka öllum þeim konum og körlum sem aðstoðuðu og lögðu fram framleiðslu sína á basarinn.



Samkomur í Kristniboðssalnum

Samkomur eru alla miðvikudaga kl. 20 í Kristniboðssalnum nema í júlímánuði. Þær eru auglýstar á heimasíðu Kristniboðssambandsins, sik.is, og á Facebook-síðunni www.facebook.com/kristnibod.

Kristniboðsvika 2026

Kristniboðsvika í Reykjavík er fyrirhuguð 1. - 8. mars 2026.


Breytingar á fjárflokkunarmiðum

Skógámar og haustmarkaður eru því miður liðnir undir lok sem fjárflokkun og því eru allar tillögur og frumkvæði að fjárflokkun í þeirra stað vel þegnar.

Kristniboðsalmanakið 2026

Kristniboðsalmanakið 2026 er komið út og má nálgast það í flestum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og helstu þéttbýlistöðum á landsbyggðinni. Eins má nálgast það á skrifstofu SÍK og á Basarnum. Almanakið er skreytt myndum frá Keníu, Eþíópíu, Japan og London og gefið út í samstarfi við Lífsmótun, útgefanda Lykilorða.





**NARNÍA ER KOMIN AFTUR
ALLAR BÆKUNAR Í EINU BINDI**

**PONTUN@SALTFORLAG.IS SÍMI 5334900
HTTPS://SALTFORLAG.IS/VARA/NARNIA/**